



Svæðisstjóri (Zone Chairperson)

Kjörtímabil

1 ár. Æskilegt að hafa starfað sem ritari svæðisstjóra árið áður.

Hlutverk

Hlutverk svæðisstjóra er að hvetja klúbbana, vera ráðgjafi og tengiliður milli umdæmisstjórnar og klúbba.

Helstu verkefni

- Hann skal sækja síðari hluta svæðisstjóraskóla að hausti.
- Kynna sér upplýsingar um embættið á vef Lions.
- Aðstoða umdæmisstjóra við að skipuleggja heimsóknir til klúbba og fara með honum í heimsóknir ef þess er óskað.
- Finna varasvæðisstjóra í samstarfi við formenn klúbba á viðkomandi svæði, áður en starfsár hefst. Varasvæðisstjóri gegnir hlutverki svæðisritara. Klúbbar skulu skipta með sér starfi svæðisstjóra.
- Á fyrsta svæðisfundi skal hann kynna fræðsluefni og námskeið sem í boði eru.
- Aðstoða klúbba við að skiptast á hugmyndum um dagskrár, verkefni og fjáraflanir.
- Heimsækja alla klúbba á svæðinu (hitta stjórnir klúbba) í byrjun starfsárs (fyrstu 2 – 3 mán.)
- Aðstoða klúbba í vanda og við stofnun nýrra klúbba á svæðinu.
- Fylgjast með Lionsfélögum sem hætta í klúbbum á svæðinu og koma upplýsingunum áfram til Lionsskrifstofunnar og umdæmisstjóra. Vinna gegn brottfalli á sínu svæði.
- Vinna með öllum fulltrúum í umdæmistjórn við að kynna verkefni Alþjóðahreyfingar Lions fyrir klúbbum svæðisins.
- Mæta á umdæmisstjórnarfundi og aðra fundi skv. lögum umdæmisins. Skila skýrslu til umdæmisstjóra um sitt svæði fyrir umdæmisfundi.

Sérstök verkefni

- Halda a.m.k. 3 svæðisfundi á starfsárinu og stjórna þeim.
 - 1. svæðisfundur sé haldinn fyrir 2. umdæmisfund, ár hvert.
 - 2. svæðisfundur sé haldinn fyrir 3. umdæmisfund, ár hvert.
 - 3. svæðisfundur sé haldinn fyrir 4. umdæmisfund, ár hvert.
- Fundina skal boða með góðum fyrirvara. Nánari upplýsingar er að finna í handbók svæðisstjóra.

Skýrsluskil

- Svæðisstjóri sér um að klúbbar skili inn þeim gögnum sem óskað er eftir, til umdæmisstjóra, þar á meðal skýrslu Lionsklúbbs til svæðisstjóra og ársskýrslum í lok starfsárs.